



Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. 13. mars 2014

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. („VÍS“) leggur fram eftirfarandi tillögur fyrir aðalfund félagsins:

2. Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 0,73 á hlut fyrir árið 2013. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er 1.831 milljón króna sem samsvarar 85% af hagnaði félagsins. Arðsákvörðunardagur er 13. mars 2014 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 18. mars 2014 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 14. mars 2014 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 10. apríl 2014.

Stjórnin leggur til að hagnaður ársins verði að öðru leyti fluttur til næsta árs.

3. Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur félagsins fyrir árið 2013 verði samþykktur.

4. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að aðalfundur samþykki endurskoðaðar samþykktir félagsins. Breytingartillagan felst í því að fella 2. mgr. 7. gr. samþykktu félagsins úr gildi, en að öðru leyti verði samþykktir óbreyttar.

Greinargerð:

Ákvæði 2. mgr. 7. gr. samþykktu félagsins fjallar um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum en bætir engu við þau ákvæði sem um þetta gilda í lögum. Er ákvæðið enn fremur í andstöðu við þá tillögu sem liggur fyrir aðalfundinum þess efnis að veita stjórn heimild til fimm ára til kaupa á eigin hlutum.

5. Kosið í stjórn félagsins.

Framboði til stjórnarsetu í VÍS ber að skila í síðasta lagi fimm dögum fyrir aðalfund félagsins, þ.e. fyrir 8. mars nk. Eyðublað vegna framboðs má finna á vefsíðu félagsins: <http://vis.is/fjarfestar/hluthafafundir/>

Senda skal undirritað eyðublað á tölvupóstfangið stjorn@vis.is eða skila á skrifstofu félagsins að Ármúla 3 í Reykjavík fyrir fyrrgreindan tíma. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnarsetu verða lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Upplýsingarnar verða auk þess aðgengilegar á vefsíðu félagsins, www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir.

6. Kosning endurskoðunarfélags.

Stjórn leggur til að KPMG ehf. verði endurkjörð sem endurskoðunarfélag VÍS til næsta árs.

Greinargerð:

KPMG ehf. var kosið endurskoðunarfélag VÍS til fimm ára á aðalfundi félagsins 7. mars 2013, sbr. 4. mgr. 57. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Í samræmi við lög um ársreikninga og samþykktir félagsins þarf aðalfundur þó að staðfesta ráðningu endurskoðunarfélags árlega.

7. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda stjórnar.

Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun verði óbreytt: Stjórnarmenn fái kr. 200.000 á mánuði en stjórnarformaður kr. 400.000 á mánuði. Að auki verði greidd þóknun að fjárhæð kr. 100.000 fyrir hvern aukafund sem stjórnarmaður mætir á, þó ekki fyrir fleiri en þrjá aukafundi í hverjum mánuði. Varastjórnarmenn fái greidda þóknun að fjárhæð kr. 100.000 fyrir hvern fund sem þeir mæta á.

Stjórn leggur til breytingu á þóknun fyrir setu í endurskoðunarnefnd. Lagt er til að þóknun fyrir formennsku í endurskoðunarnefnd verði kr. 160.000.- á mánuði en að aðrir nefndarmenn fái greiddar kr. 80.000.- mánaðarlega.

Stjórn leggur til að þóknun fyrir nefndarmenn í starfskjaranefnd verði óbreytt, þ.e. kr. 50.000.- fyrir hvern setinn fund.

Greinargerð:

Tillaga stjórnar um þóknun fyrir setu í endurskoðunarnefnd tekur mið af verkefnum nefndarinnar, vinnuframlagi nefndarmanna og þess sem gengur og gerist hjá öðrum skráðum félögum og fjármálafyrirtækjum. Þóknun fyrir setu í endurskoðunarnefnd er í dag kr. 80.000 á mánuði fyrir formennsku og kr. 40.000 á mánuði fyrir aðra nefndarmenn.

8. Tillaga um starfskjarastefnu.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að meðfylgjandi starfskjarastefna, sem er efnislega óbreytt frá síðasta aðalfundi, verði samþykkt.

9. Tillaga um heimild til að kaupa eigin hluti.

Stjórn félagsins leggur til að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt:

Aðalfundur í Váttryggingafélagi Íslands hf. þann 13. mars 2014 heimilar stjórn félagsins að kaupa á næstu fimm árum hluti í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutafé þess, þ.e. að hámarki kr. 250.275.704 hluti að nafnverði. Endurgjald fyrir keypta hluti skal miðast við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur er gerður. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995.

Greinargerð:

Tilgangur heimildarinnar er að gefa stjórn félagsins möguleika á að kaupa eigin hluti.